



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Helgu Hauksdóttur
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

sent með tölvupósti: Helga.hauksdottir@hvin.is

Efni: Áform um lagasetningu: breyting á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/208. Ósk um samtal.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið fagnar áformum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um frumvarp til breytinga á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018, sem birt voru í Samráðsgátt stjórnvalda þann 21. ágúst 2023.

Á Þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar er stafrækt skrifstofa gangaþjónustu sem m.a. vinnur að hagnýtingu ganga til ákvarðanatöku og bættrar þjónustu. Er það gert með því að tryggja gæði, áreiðanleika og aðgengi borgarbúa og starfsfólks að réttum og áreiðanlegum gögnum og gagnagreiningum.

Gagnahlaðborð Reykjavíkur er opin gagnagátt borgarinnar sem miðar að því að uppfylla skilyrðu núverandi laga þ.e. að auka endurnot opinberra upplýsinga til hagsbóta fyrir samfélagið í heild. Á Gagnahlaðborðinu er nú að finna 572 opin gagnasett, flokkuð eftir því hvort um sé að ræða söguleg gögn eða uppfærð gögn. Fleiri opin gagnasett eru í pípunum.

Á Gagnahlaðborðinu býðst notendum nokkrar leiðir til að nálgast gögn borgarinnar, gagnasögur eru hannaðar með það að markmiði að segja notendum sögu gagnanna og draga fram áhugaverða punkta í einföldu máli og myndum. Þá geta notendur valið um að ólíkar leiðir til að sækja gagnapakkana en hægt er að opna þá inni í gáttinni sjálfri, hala niður gagnapökkum í csv skrár eða tengjast þeim í gegnum vefþjónustur.

Umtalsverð vinna hefur farið í hönnun og útfærslu á birtingu og miðlun gagna á Gagnahlaðborðinu svo miðlunin uppfylli kröfur um stafrænt aðgengi. Það sama á við um uppsetningu og aðgengi að gagnapökkum í gagnagáttinni. Þessari vinnu er þó hvergi nærri lokið og er Gagnahlaðborðið í stöðugu ítrunarferli hjá borginni.

Í frummati á áhrifum lagasetningarinnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að tilteknum stofnunum verði gert að birta gagnasöfn sem hafa verið skilgreind sem sérstaklega verðmæt. Borgin birtir þegar með einum eða öðrum hætti gagnasett sem falla undir flesta þá flokka sem tilgreindir eru sem sérstaklega verðmæt gagnasett í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024, frá 20. júní 2019, um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera og munum vinna áfram í að bæða við gagnasettum og auka gæði þeirra gagnasetta sem þegar eru til staðar.

Reykjavíkurborg taldi ekki ástæðu til þess að skila inn umsögn í samráðsferlið á þessu stigi málsins en þar sem hagsmunirnir eru miklir fyrir borgina þá óskum við eftir samtali við ráðuneytið í tengslum við fyrirhugaða lagasetningu. Þá býðst Reykjavíkurborg til að miðla þeirri reynslu sem skapast hefur nú þegar þegar kemur að uppsetningu, birtingu og aðgengi gagna á opinni gagnagátt.

Virðingarfyllst,
Inga Rós Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri gangaþjónustu
Þjónustu- og nýsköpunarsvið
Reykjavíkurborg